



Rannsókn: Heilsa og líðan atvinnulauss fólks á tímum efnahagsþrenginga

Styrkþegi: Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir

Í rannsókninni voru notaðar eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir. Markmið hennar var að bera saman sjálfmetna heilsu, heilsutengda hegðun og líðan fyrir og eftir atvinnumissi í kjölfar efnahagskreppunnar á Íslandi sem hófst í október 2008 og fá innsýn inn í aðstæður þeirra sem misst hafa vinnuna síðan kreppan hófst.

Í meginlega hluta rannsóknarinnar voru notuð gögn sem eru hluti af stærri spurningalistakönnun um heilsu og líðan Íslendinga sem Lýðheilsustöð lagði fyrir árin 2007 og 2009 og byggist á lagskiptu úrtaki. Fjöldi þátttakenda sem var í vinnu bæði árin (2007 og 2009) var 2931 og 130 (4,15%) voru í vinnu 2007 en ekki 2009. Helmingur þeirra sem misstu vinnuna var með grunnskólamenntun. Áhrif kreppunar voru mæld með því að skoða breytingar á ýmsum heilsutengdum vísbendum milli árána 2007 (fyrir kreppu) og 2009 (í kreppu). Einnig voru gögn þeirra sem voru í vinnu aðeins fyrra árið og þeirra sem voru með vinnu bæði árin borin saman á sambærilegum spurningum.

Eigindlegu gögnin voru fengin með einni þátttökuathugun og 8 rýnihópum. Þátttakendurnir voru 31, þaraf 19 konur og 12 karlar á aldrinum 18-67 ára, sem búsettir eru í Reykjavík og nágrenni, og höfðu verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur. Rúmur helmingur (55%) var á aldrinum 18-26 ára. Sautján þátttakendur höfðu lokið grunnskólaprófi, 5 framhaldsskólaprófi og 4 háskólaprófi. Erlendir þátttakendanna í rýnihópunum voru 6.

Niðurstöður gagnagreiningunnar leiddu í ljós martækan mun á þeim sem voru í vinnu bæði árin og þeirra sem voru í vinnu 2007 en ekki 2009. Þeir sem misstu vinnuna mátu líkamlega og andlega heilsu sína og fjárhagsaðstæður verri bæði fyrir og eftir kreppu. Þeir eru líklegri til að reykja en þeir sem voru í vinnu bæði árin og hreyfa sig minna. Í kjölfar atvinnumissis dregur úr líkamlegu þoli og athafnagetu og andleg líðan versnar en félagslegur stuðningur eyst. Ennfremur dregur úr reykingum og áfengisneyslu milli árána en dagleg neysla áfengis eykst þó hjá hluta þess hóps.

Niðurstöður úrvinnslu rýnihópanna sýndu að efnahagslega kreppan hefur haft mikil áhrif á andlega líðan þátttakendanna. Margir þeirra upplifa vonleysi og kvíða fyrir framtíðinni og búa við slæma fjárhagsstöðu. Þeir sem hinsvegar viðhalda virkni í daglegu lífi eða hreyfa sig reglulega líður betur en þeim sem gera það ekki. Þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að fjölga vinnumarkaðsúrræðum og hækka lágsmarkslaun. Ennfremur var bent á þörfina fyrir aukin tækifæri til menntunar og þess að hjálpa fólki að komast af atvinnuleysisbótum.

Research: Health and wellbeing of unemployed individuals during a national economic crisis

Grantee: Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir

The study used both qualitative and quantitative research methods. The aim of the study was to compare self-assessed health, health related behaviour and wellbeing before and after a job loss during the economic crisis in Iceland that started in October 2008 and gain an insight into the circumstances of those who had lost their job during the crisis.

Data for the quantitative study was obtained from a larger questionnaire study "Health and wellbeing of Icelanders" (Heilsa og líðan Íslendinga), which was administered in 2007 and 2009 to stratified sample of the national population. The effects of the economic crisis were studied by measuring changes in health indicators between the year 2007 (before the crisis) and 2009 (during the crisis) and by comparing the data of those who were employed both years and those who were not. Of the participants, 2931 were employed both years (2007 and 2009) and 130 (4,15%) were employed in 2007 but not in 2009. Half of those of who lost their job had only elementary education.

The qualitative data was acquired through one participation observation and 8 focus groups.

Participants were 31, thereof 19 women and 12 men between 18-67 years, residing in the Reykjavik Capital area, that have been unemployed for 12 months or longer. Of the participants were 55% between 18-26 years. Seventeen participants (71%) had elementary education, 5 had a secondary school diploma and 4 had finished a university degree. Six of the participants were foreign.

Results of the quantitative analysis showed statistically significant group differences between those who were employed both years and those who were employed in 2007 but not in 2009. Those who lost their job assessed their mental and physical health and financial circumstances worse both before and after their crisis. They were furthermore more likely to smoke and exercised less.

Following the job loss, mental wellbeing worsened, physical endurance and stamina decreased but social supports increased. Furthermore, smoking and alcohol consumption decreased although daily use of alcohol increased among a portion of the group.

The results of the qualitative study revealed that the economic crisis has had a great impact on the mental wellbeing of the participants and many feel hopeless and anxious for the future and have a poor financial status. However, those who keep active in their daily life or exercise feel better than those who don't. The participants emphasized the importance of increasing labour market options, raising minimum wages, increasing educational opportunities and the need to assist people in order to get of unemployment benefits.